

**Skýrsla starfshóps um
málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði**

Apríl 2007

Efnisyfirlit

HELSTU TILLÖGUR OG ÁHERSLUÞÆTTIR	3
1. INNGANGUR	4
2. LÖG NR. 45/2007, UM RÉTTINDI OG SKYLDUR ERLENDRA FYRIRTÆKJA SEM SENDA STARFSMENN TÍMABUNDIÐ TIL ÍSLANDS OG STARFSKJÖR STARFSMANNA ÞEIRRA	4
2.1. ALMENNT	4
2.2. HELSTU ATRÍÐI LAGANNA	5
<i>Markmið</i>	5
<i>Gildissvið</i>	5
<i>Upplýsingaskylda erlends fyrirtækis</i>	5
<i>Skyldur notendafyrirtækis hér á landi</i>	6
<i>Gildi laga og kjarasamninga hér á landi</i>	6
<i>Eftirlit</i>	6
3. FRAMKVÆMD INNAN STJÓRNKERFISINS – LÖGMÆT DVÖL	6
3.1. EINSTAKLINGAR	6
<i>Almennt</i>	7
<i>Lögregla</i>	7
<i>Skattfyrvöld</i>	7
<i>Tryggingastofnun ríkisins</i>	8
<i>Útlendingastofnun</i>	8
<i>Vinnumálastofnun</i>	10
<i>Þjóðskrá</i>	11
3.2. FYRIRTÆKI	11
4. UPPLÝSINGAGJÖF	11
4.1. ALMENNT	11
4.2. RÍKISBORGARAR RÍKJA INNAN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS – FRJÁLS FÖR	12
4.3. RÍKISBORGARAR RÍKJA UTAN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS	13
4.4. FYRIRTÆKI	13
5. ANNÐ SEM STARFSHÓPURINN TELUR RÉTT AÐ KOMA Á FRAMFÆRI	13
5.1. STARFSMANNASKÍRTEINI	13
5.2. EFTIRLIT MEÐ AÐSTÆÐUM Á VINNUMARKAÐI	13
5.3. AÐKOMA SVEITARFÉLAGA	14
5.4. NÝ LÖG UM BREYTINGU Á LÖGUM UM LÖGHEIMILI	14

Helstu tillögur og áherslupættir

- Samstaða náðist innan starfshópsins um nauðsyn nýrrar löggjafar um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Tillögur nefndarinnar hafa verið lögfestar, sbr. lög nr. 45/2007. Jafnframt falla lög nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, úr gildi auk þess sem breytingar voru gerðar á lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur.
- Nauðsynlegt er að mati starfshópsins að efla samvinnu þeirra stjórnvalda sem koma að þessum málaflokki, svo sem lögreglu, skattyfirvalda, Tryggingastofnunar ríkisins, Útlendingastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, Vinnumálastofnunar og Þjóðskrár.
- Lagt er til að gefin verði út tímabundin skattkort annars vegar í samræmi við gildistíma EES-dvalarleyfis og hins vegar í samræmi við gildistíma atvinnuleyfis eftir því sem við á.
- Lögð er til sú breyting að hafi atvinnurekandi eða annar lögaðili ekki sótt um kennitölu til Þjóðskrár á því tímamarki sem viðkomandi EES-borgari sækir um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar geti stofnunin framsent beiðni um útgáfu kennitölu fyrir viðkomandi EES-borgara til Þjóðskrár.
- Til hagræðingar eru lagðar til þær breytingar frá núverandi framkvæmd að atvinnurekandi sækir ekki um kennitölu fyrir viðkomandi útlending fyrir en fyrir liggur að dvalar- og atvinnuleyfi verði veitt, ef um er að ræða ríkisborgara ríkis utan EES-svæðisins.
- Lagt er til að Fyrirtækjaskrá, skattyfirvöld og Vinnumálastofnun miðli upplýsingum sín á milli eftir því sem við á hverju sinni til að auðvelda þessum stjórnvöldum yfirsýn og eftirlit með erlendum fyrirtækjum sem stunda starfsemi hér á landi.
- Starfshópurinn telur brýnt að upplýsingagjöf verði bætt til erlendra ríkisborgara sem koma til að dvelja og starfa hér á landi. Tryggja verður að þeir eigi greiðan aðgang að upplýsingum varðandi réttindi sín og skyldur hér á landi strax við komuna til landsins.
- Starfshópurinn leggur áherslu á að erlendir aðilar geti á auðveldan hátt nálgast allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þeir geti starfað með lögumætum hætti hafi þeir hug á að hefja atvinnustarfsemi hér á landi.

Starfshópurinn leggur til ákveðnar tillögur að verklagi viðkomandi stjórnvalda, svo sem lögreglu, skattyfirvalda, Tryggingastofnunar ríkisins, Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins og Þjóðskrár. Með hliðsjón af aukinni samvinnu fyrrnefndra stjórnvalda er auk þess lagt til að skipaður verði vinnuhópur með fulltrúum þeirra til að vinna að nánari útfærslu á fyrirkomulagi slíkrar samvinnu.

Starfshópurinn leggur áherslu á öflugt og gott samráð viðkomandi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um frekari reglusetningu og framkvæmd er varðar réttindi og þjónustu við erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði með það fyrir augum að treysta stöðu erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt þykir að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga hér á landi raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem mótast hafa á íslenskum vinnumarkaði.

1. Inngangur

Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp í júní 2006 til að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk starfshópsins var að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi, þar á meðal þeirra er starfa á grundvelli þjónusturéttarins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með það fyrir augum að treysta stöðu erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt þykir að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga hér á landi raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem mótast hafa á íslenskum vinnumarkaði, þar á meðal þeirri meginreglu að beint ráðningarsamband milli starfsmanns og atvinnurekanda sé ríkjandi ráðningarform hér á landi.

Enn fremur var hlutverk starfshópsins að skoða hvort ástæða er til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Þá var starfshópnum ætlað að meta hvort ástæða er til að setja ítarlegri reglur um tilkynningarskyldu þjónustuveitanda sem kemur með starfsmenn sína hingað til lands.

Auk þess sem að framan greinir var starfshópnum ætlað að leggja fram tillögur til félagsmálaráðherra um hvernig bæta megi framkvæmdina innan stjórnkerfisins með það að markmiði að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem starfa hér á landi liggi fyrir. Jafnframt var starfshópnum ætlað að kanna hvaða leiðir eru færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við þá erlendu ríkisborgara sem hér starfa.

Í störfum sínum studdist starfshópurinn meðal annars við tillögur Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrotá í atvinnustarfsemi frá því í júní 2006.

2. Lög nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra

2.1. Almenn

Starfshópurinn taldi mikilvægt að styrkja stöðir ríkjandi vinnumarkaðskerfis að því er varðar erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Samstaða náðist innan starfshópsins um nauðsyn þess að breyta lögum nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Þegar upp var staðið þóttu breytingarnar vera það

umfangsmiklar að rétt væri að leggja fram frumvarp til nýrra laga sem jafnframt myndu fella úr gildi lög nr. 54/2001 og urðu fulltrúar aðila í starfshópnum ásáttir um þau atriði er fram koma í fyrirnefndu frumvarpi. Frumvarpið var kynnt í ríkisstjórn í desember 2006 og varð síðan að lögum með samþykkt Alþingis þann 16. mars 2007. Lögin byggja meðal annars á tillögum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi frá því í júní 2006.

Starfshópurinn leggur áherslu á að þýðingu þessara laga yfir á ensku verði flýtt eins og kostur er þar sem efni þeirra snúi að miklu leyti að erlendum aðilum. Enn fremur leggur starfshópurinn áherslu á að efni laganna verði svo fljótt sem unnt er kynnt fyrir innlendum fyrirtækjum. Þá telur starfshópurinn brýnt að félagsmálaráðherra setji sem fyrst reglugerð um slysatryggingu skv. 7. gr. laganna, sbr. 8. mgr.

2.2. Helstu atriði laganna

Markmið

- Veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum.
- Unnt verði að viðhalda því eftirliti sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði með því að ákvæði laga og kjarasamninga séu virt svo treysta megi stöðu starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu, en miðað er við að íslensk lög og kjarasamningar gildi um þá meðan þeir starfa hér á landi.
- Útlendingar sem koma hingað tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um þá verði fyrir hendi.

Gildissvið

- Gildir um fyrirtæki sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríki eða Færeyjum og sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu.
- Gildir um starfsmannaleigur auk gildandi sérlaga um starfsmannaleigur.

Upplýsingaskylda erlends fyrirtækis

- Vinnumálastofnun skal upplýst eigi síðar en átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt ef þjónustan á að vara lengur en tíu virka daga hér á landi.
- Vinnumálastofnun staðfestir að hafa fengið upplýsingarnar og fyrirtækið afhendir notendafyrirtækinu þessa staðfestingu.
- Fyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar og semur við undirverktaka um veitingu þjónustunnar í heild eða að hluta skal afhenda notendafyrirtækinu skriflega staðfestingu um að undirverktakinn/undirvertakarnir hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína til Vinnumálastofnunar.
- Vinnumálastofnun skal tilkynnt um sérstakan fulltrúa fyrirtækisins hér á landi ef fyrirtækið veitir þjónustu hér lengur en í fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum og sex eða fleiri starfsmenn koma til með að veita þjónustuna.

Skyldur notendafyrirtækis hér á landi

- Ef notendafyrirtæki fær ekki staðfestingu Vinnumálastofnunar um að fyrirtækið eða undirverktakar hafi veitt Vinnumálastofnun upplýsingar er notendafyrirtækinu skylt að láta Vinnumálastofnun vita.

Gildi laga og kjarasamninga hér á landi

- Erlendir starfsmenn skulu fá laun og starfskjör í samræmi við íslensk lög og íslenska kjarasamninga eins og tilgreint er í 4. gr. laganna líkt og verið hefur, sbr. lög nr. 54/2001. Auk þess skulu þeir njóta ákveðinna réttinda í tengslum við veikindi og/eða slys og bætur vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku.
- Undanþága getur verið veitt við vissar aðstæður, sbr. 5. gr. laganna.

Eftirlit

- Vinnumálastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Stofnunin getur kallað eftir upplýsingum frá fyrirtæki í þágu eftirlits enda hafi stofnuninni borist rökstudd kvörtun um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laganna.
- Fari fyrirtæki ekki að fyrirmælum Vinnumálastofnunar um að fara að lögnum innan þess frests sem stofnunin veitir getur stofnunin krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi þangað til úrbætur hafa verið gerðar.
- Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein og á viðkomandi svæði afrit af ráðningarsamningi starfsmanns óski stéttarfélagið eftir því enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.
- Eftirlit með því að erlend fyrirtæki sem veita þjónustu hér á landi greiði skatt fer fram með hefðbundnu skatteftirliti skattyfirvalda.

3. Framkvæmd innan stjórnkerfisins – lögmæt dvöl

3.1. Einstaklingar

Starfshópurinn leggur áherslu á að þátttaka erlendra ríkisborgara á innlendum vinnumarkaði sé með lögmætum hætti og að stjórnvöldum verði gert auðveldara um vik að hafa yfirsýn yfir fjölda þeirra sem og að rækja skyldur sínar hvað varðar eftirlit með að atvinnurekendur og erlendir starfsmenn þeirra fari að lögum og reglum í tengslum við störf erlendra ríkisborgara hér á landi.

Því er nauðsynlegt að mati starfshópsins að efla samvinnu þeirra stjórnvalda sem koma að þessum málaflokki, svo sem lögreglu, skattyfirvalda, Tryggingastofnunar ríkisins, Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins og Þjóðskrár. Með aukinni samvinnu er meðal annars átt við miðlun nauðsynlegra upplýsinga milli framangreindra stjórnvalda eftir því sem við á. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi tillögur að verklagi viðkomandi stjórnvalda með hliðsjón af aukinni samvinnu en leggur auk þess til að skipaður verði vinnuhópur með fulltrúum fyrrnefndra stjórnvalda til að vinna að nánari útfærslu á fyrirkomulagi slíkrar samvinnu. Að mati starfshópsins er nauðsynlegt að tryggja nægt fjármagn til að koma slíkri samvinnu af stað meðal annars til að standa undir kostnaði við breytingar á tölvukerfum þessara stjórnvalda sem og þeim kostnaði sem kann að leiða af breyttu verklagi.

Lagt er til að verklag hlutaðeigandi stjórnvalda verði með eftirfarandi hætti:

Almennt

Komi fram við eftirgrennslan einstaka stjórnvalds að útlendingur er farinn af landinu eða dvelji hérlandis og/eða starfi ólöglega þá tilkynnir viðkomandi stjórnvald um það til viðeigandi stjórnvalda.

Lögregla

Við almennt eftirlit, svo sem umferðareftirlit, óskar lögregla eftir skilríkjum og/eða dvalarleyfiskortum útlendinga sem sýna fram á löglega dvöl þeirra hér á landi. Enn fremur fer lögregla reglulega inn á vinnustaði í þeim tilgangi að kanna dvalarleyfi og eftir atvikum atvinnuleyfi þeirra útlendinga sem þar starfa. Lögregla rannsakar mál sem upp koma og beitir þeim refsíákvæðum sem heimil eru lögum samkvæmt, meðal annars sektum, eftir því sem við á, bæði hvað varðar brot útlendinga á ákvæðum laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga sem og hvað varðar brot atvinnurekanda á ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga. Útlendingastofnun sér um að þeim útlendingum sem dvelja ólöglega hér á landi verði gert að yfirgefa landið eða eftir atvikum vísað brott.

Lögregla gerir Útlendingastofnun viðvart ef í ljós kemur við eftirlit að EES-borgari hefur ekki sótt um EES-dvalarleyfi eða framlengingu á áður fengnu EES-dvalarleyfi innan tilskilinna tímamarka auk þess sem hún bregst við ábendingum frá Útlendingastofnun um sams konar tilvik.

Lögregla gerir Vinnumálastofnun viðvart ef í ljós kemur við eftirlit að útlendingur sem þarf atvinnuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga starfar hérlandis án atvinnuleyfis eða starfar hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er atvinnuleyfið er skilyrt við auk þess sem hún bregst við ábendingum Vinnumálastofnunar um sams konar tilvik.

Skattyfirvöld

Skattyfirvöld gefa út tímabundin skattkort. Ef um er að ræða EES-borgara þá gefa skattyfirvöld út þriggja mánaða skattkort ef viðkomandi EES-borgari hefur ekki fengið EES-dvalarleyfi hér á landi en skattkort til sama tíma og EES-dvalarleyfi hafi viðkomandi EES-borgari fengið EES-dvalarleyfi hér á landi.

Ef um er að ræða þátttöku ríkisborgara ríkis utan EES-svæðisins á vinnumarkaði hérlandis gefa skattyfirvöld út tímabundið skattkort í samræmi við gildistíma atvinnuleyfis þar sem fram kemur nafn þess atvinnurekanda sem atvinnuleyfið er skilyrt við. Ef samvinna skattyfirvalda við önnur stjórnvöld leiðir í ljós að útlendingur sem hefur haft heimild til að starfa hér á landi hafi ekki lengur slíka heimild er skattkort hans afskráð þannig að ekki er lengur hægt að nota það.¹

Tölvukerfi skattyfirvalda gerir viðvart þegar tímabundin skattkort eru útrunnin. Skattkort eru ekki gefin út fyrr en tryggt er að viðkomandi útlendingur hafi heimild til að starfa hér á landi og á það sama við um endurnýjun tímabundinna skattkorta.

¹ Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra kann að þurfa að breyta lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þá er hugsanlegt að setja þurfi reglugerð um tímabundin skattkort.

Tryggingastofnun ríkisins

Ef um er að ræða EES-borgara þá kannar Tryggingastofnun hvort EES-borgarinn er sjúkratryggður hér á landi, til dæmis með því að kanna viðeigandi E-vottorð og hvenær sex mánaða biðtími eftir sjúkratryggingu samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, byrjar að líða við það að viðkomandi EES-borgari er fluttur frá utangarðsskrá yfir á Þjóðskrá.

Ef um er að ræða ríkisborgara ríkis utan EES-svæðisins kannar Tryggingastofnun hvort viðkomandi útlendingur er sjúkratryggður hér á landi og hvenær sex mánaða biðtími eftir sjúkratryggingu samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, byrjar að líða við það að viðkomandi útlendingur er fluttur frá utangarðsskrá yfir á Þjóðskrá.

Útlendingastofnun

Áður en dvalarleyfi er veitt kannar Útlendingastofnun hvort skilyrðum laga nr. 96/2002, um útlendinga, og reglugerðar nr. 53/2003, um útlendinga, að því er varðar veitingu dvalarleyfa er fullnægt.

Gert er ráð fyrir að nánustu aðstandendur þeirra útlendinga, sem hingað koma til starfa, sem einnig vilja koma til dvalar hér á landi án þátttöku á vinnumarkaði geti snúið sér til Útlendingastofnunar og fengið þar upplýsingar um hvers konar dvalarleyfi þeim beri að sækja um. Er lagt til að þegar fyrir liggur að dvalarleyfi verði veitt þar sem skilyrðum laga nr. 96/2002, um útlendinga, og reglugerðar nr. 53/2003, um útlendinga, að því er varðar veitingu dvalarleyfa er fullnægt verði Útlendingastofnun heimilt að sækja um kennitölu fyrir viðkomandi útlendinga til Þjóðskrár.

Ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins – frjáls för

Ætli EES-borgari að dvelja hér á landi lengur en í þrjá mánuði ber honum skv. 35. og 36. gr. laga um útlendinga að sækja um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar í síðasta lagi þremur mánuðum eftir komuna til landsins. EES-borgara í sannanlegri atvinnuleit er þó heimilt að dveljast hér í allt að sex mánuði án þess að sækja um EES-dvalarleyfi, en þegar viðkomandi hefur fengið starf skal hann sækja um EES-dvalarleyfi hafi hann verið hér á landi í þrjá mánuði eða lengur.

Ef um er að ræða EES-borgara sem ekki hefur sótt um EES-dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun innan tilskilinna tímamarka sendir stofnunin honum bréf þar sem honum er veittur frestur til að sækja um EES-dvalarleyfi. Auk þess er hann upplýstur um afleiðingar athafnaleyfis í þeim efnum, svo sem að sex mánaða biðtími hans eftir sjúkratryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar byrjar ekki að líða fyrr en hann er fluttur af utangarðsskrá yfir á Þjóðskrá við veitingu EES-dvalarleyfis, að skattkort hans falli úr gildi að ákveðnum tíma liðnum auk þess sem búast megi við að beitt verði þeim refsiakvæðum sem lög heimila, til dæmis sektum. Ef viðkomandi EES-borgari sækir þrátt fyrir þetta ekki um EES-dvalarleyfi eða gerir grein fyrir atvinnuleit sinni hér á landi er lögregla látin vita.

Framkvæmdin hefur fram til þessa verið sú að EES-borgari sem sækir um EES-dvalarleyfi hefur þurft að leggja fram staðfestingu til Útlendingastofnunar frá Þjóðskrá um að sótt hafi verið um kennitölu fyrir hann eða hún gefin út. Lögð er til sú breyting að hafi atvinnurekandi eða annar lögaðili ekki sótt um kennitölu til Þjóðskrár á því tímamarki sem viðkomandi EES-borgari sækir

um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar geti stofnunin framsent beiðni um útgáfu kennitölu fyrir viðkomandi EES-borgara til Þjóðskrár. Með þessari breytingu er það gert nægjanlegt fyrir viðkomandi EES-borgara að snúa sér til eins stjórnvalds, þ.e. Útlendingastofnunar, þegar sótt er um EES-dvalarleyfi hér á landi. Felur það óneitanlega í sér aukna hagræðingu fyrir þann EES-borgara sem í hlut á. Eftir veitingu EES-dvalarleyfis gefur Útlendingastofnun út dvalarleyfiskort til viðkomandi EES-borgara því til staðfestingar og miðlar upplýsingum þess efnis til viðeigandi stjórnvalda.

Ef EES-borgara hefur verið veitt EES-dvalarleyfi hér á landi gerir tölvukerfi stofnunarinnar viðvart áður en EES-dvalarleyfið rennur út án þess að sótt hafi verið um framlengingu. Sendir stofnunin þá tilkynningu til EES-borgarans þar sem fram koma leiðbeiningar um það hvernig hann snýr sér í því að endurnýja EES-dvalarleyfi sitt hafi hann hug á að dvelja lengur hér á landi. Ef viðkomandi EES-borgari hefur ekki samband við Útlendingastofnun innan þess frests sem stofnunin veitir er kannað í samráði við önnur stjórnvöld hvort hann sé enn staddur hér á landi.

Ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins

Ef um er að ræða ríkisborgara ríkja sem standa utan við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er áfram gert ráð fyrir því, líkt og verið hefur hingað til, að viðkomandi útlendingar komi ekki til landsins fyrr en dvalarleyfi hefur verið veitt ásamt atvinnuleyfi ef ætlunin er að starfa hér á landi.

Ef um er að ræða þátttöku á íslenskum vinnumarkaði er áfram gert ráð fyrir að tilvonandi atvinnurekandi geti lagt fram umsókn um dvalarleyfi fyrir hönd útlendingans,² auk þess sem hann sækir um atvinnuleyfi fyrir viðkomandi útlending. Umsóknirnar eru lagðar fram hjá Útlendingastofnun sem áframsendir umsóknina um atvinnuleyfi til Vinnumálastofnunar sem hefur heimild til að gefa út atvinnuleyfi. Enn fremur er áfram gert ráð fyrir því að viðkomandi útlendingi verði óheimilt að starfa hjá öðrum atvinnurekanda en þeim sem atvinnuleyfið er skilyrt við.

Til hagræðingar eru lagðar til þær breytingar frá núverandi framkvæmd að atvinnurekandi þurfi ekki, fyrr en fyrir liggur að dvalar- og atvinnuleyfi verði veitt, að sækja um kennitölu fyrir viðkomandi útlending. Þegar fyrir liggur að dvalar- og atvinnuleyfi verði veitt er gert ráð fyrir að tilvonandi atvinnurekandi sækji um kennitölu fyrir viðkomandi útlending til Þjóðskrár og kaupsi jafnframt sjúkratryggingu fyrir hann þannig að hann verði sjúkratryggður hér á landi þar til sex mánaða biðtíminn eftir sjúkratryggingu samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, er liðinn. Með þessu fyrirkomulagi verður ekki nauðsynlegt að sækja um kennitölu fyrir viðkomandi útlendinga til Þjóðskrár fyrr en fyrir liggur að dvalar- og atvinnuleyfi verði veitt hér á landi, en íslensk tryggingafélög gera þá kröfu að tryggingataki sé kominn með kennitölu.

Útlendingastofnun sendir umsókn atvinnurekanda um atvinnuleyfi fyrir viðkomandi útlending til Vinnumálastofnunar. Þegar Vinnumálastofnun hefur tilkynnt til Útlendingastofnunar um veitingu atvinnuleyfis eða framlengingu á áður fengnu atvinnuleyfi, með fyrirvara um veitingu dvalarleyfis, kannar Útlendingastofnun hvort skilyrðum laga nr. 96/2002, um útlendinga, að því er varðar veitingu dvalarleyfa er fullnægt, þ.á m. hvort tilvonandi atvinnurekandi hefur staðfest

² Útlendingur undirritar sjálfur umsókn um dvalarleyfi og ber ábyrgð á að þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar.

að viðkomandi útlendingur sé sjúkratryggður hér á landi þar til sex mánaða biðtími samkvæmt lögum um almannatryggingar er liðinn. Dvalar- og atvinnuleyfi eru að jafnaði veitt til sama tíma.

Eftir komu viðkomandi útlendinga til landsins og eftir að hann hefur sýnt fram á að skilyrðum laga um læknisskoðun sé fullnægt gefur Útlendingastofnun jafnframt út dvalarleyfiskort þar sem fram kemur heimild hans til að dvelja og starfa hér á landi, meðal annars hvaða atvinnurekandi hefur fengið veitt atvinnuleyfi fyrir hann. Jafnframt miðlar Útlendingastofnun upplýsingum um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis til hlutaðeigandi stjórnvalda.

Tölvukerfi Útlendingastofnunar gerir viðvart áður en dvalarleyfi útlendinga rennur út án þess að sótt hafi verið um framlengingu. Sendir stofnunin tilkynningu til útlendinga þar sem honum er veittur frestur til að sækja um framlengingu á dvalarleyfi hafi hann hug á að dvelja lengur hér á landi en að öðrum kosti hafi hann ekki lengur heimild til að dvelja hér á landi og verði að yfirgefa landið. Ef viðkomandi útlendingur sækir ekki um framlengingu á dvalarleyfi sínu innan þess frests sem Útlendingastofnun veitir er kannað í samráði við önnur stjórnvöld hvort hann sé enn staddur hér á landi. Ef líkur eru á að svo sé ekki er upplýsingum þess efnis miðlað til annarra stjórnvalda eftir því sem við á. Ef líkur eru hins vegar á því að viðkomandi útlendingur sé enn staddur hérlendis gerir Útlendingastofnun lögreglu viðvart um ólöglega dvöl hans hér á landi.

Vinumálastofnun

Ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins – frjáls för

Vinumálastofnun kannar reglulega (fram til 1. maí 2009) með samvinnu við önnur stjórnvöld hvort EES-borgari frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi eða Ungverjalandi starfi hér á landi án þess að atvinnurekandi hafi tilkynnt um ráðninguna til stofnunarinnar eða hvort EES-borgari frá þessum ríkjum hafi skipt um atvinnurekanda án þess að nýi atvinnurekandinn hafi tilkynnt um ráðninguna til stofnunarinnar. Vinumálastofnun hefur samband við hlutaðeigandi atvinnurekanda og grípur til ráðstafana eftir því sem við á en ráðningu ríkisborgara fyrrnefndra ríkja þarf að tilkynna sérstaklega til Vinumálastofnunar fram til 1. maí 2009 samkvæmt lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins

Þegar Vinumálastofnun fær senda umsókn um atvinnuleyfi kannar stofnunin hvort skilyrðum laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og reglugerðar nr. 339/2005, um atvinnuréttindi útlendinga, er fullnægt. Ef stofnunin ákveður að veita atvinnuleyfi eða framlengja áður fengið atvinnuleyfi tilkynnir hún um það til Útlendingastofnunar með fyrirvara um veitingu dvalarleyfis og að tilvonandi atvinnurekandi staðfesti að viðkomandi útlendingur sé sjúkratryggður hér á landi þar til sex mánaða biðtími samkvæmt lögum um almannatryggingar er liðinn. Vinumálastofnun tilkynnir til Útlendingastofnunar sem og til viðkomandi atvinnurekanda um synjun á veitingu atvinnuleyfis sem sótt hefur verið um til stofnunarinnar.

Tölvukerfi stofnunarinnar gerir viðvart áður en atvinnuleyfi rennur út án þess að sótt hafi verið um framlengingu og sendir stofnunin þá tilkynningu til atvinnurekandans þar sem honum er veittur frestur til að sækja um framlengingu á atvinnuleyfi fyrir viðkomandi útlending. Að öðrum kosti hafi viðkomandi útlendingur ekki lengur heimild til að starfa hér á land auk þess sem atvinnurekandi er upplýstur um hugsanlegar afleiðingar þess að hafa útlending í vinnu án tilskilinna leyfa.

Stofnunin kannar meðal annars með samvinnu við önnur stjórnvöld hvort útlendingur haldi áfram störfum eftir að atvinnuleyfi rennur út, starfi hjá þeim atvinnurekanda sem atvinnuleyfi er skilyrt við eða hvort annar atvinnurekandi en sá sem atvinnuleyfið er skilyrt við greiði staðgreiðslu vegna viðkomandi útlendings.

Ef eftirlit Vinnumálastofnunar leiðir í ljós brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga hefur stofnunin samband við þann atvinnurekanda sem atvinnuleyfið er skilyrt við og afturkallar atvinnuleyfið ásamt því að upplýsa atvinnurekandann um hugsanlegar afleiðingar vegna brota á ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga. Auk þess miðlar stofnunin upplýsingum til annarra stjórnvalda, svo sem lögreglu og Útlendingastofnunar.

Þjóðskrá

Þjóðskrá gefur út kennitölu og skráir á utangarðsskrá og í þjóðskrá eftir því sem við á og miðlar upplýsingum til annarra stjórnvalda eftir því sem við á. Komi í ljós í samvinnu Þjóðskrár og annarra stjórnvalda að líkur séu á að viðkomandi útlendingur dvelji ekki lengur hér á landi eru færðar í þjóðskrá upplýsingar þess efnis auk þess sem Þjóðskrá miðlar þeim upplýsingum til hlutaðeigandi stjórnvalda.

3.2. Fyrirtæki³

Til að tryggja að skattfyrirvöld hafi á hverjum tíma vitneskju um þá aðila sem ber að greiða skatt hér á landi leggur starfshópurinn ríka áherslu á samvinnu stjórnvalda varðandi miðlun upplýsinga um einstaklinga, félög og aðra aðila sem þeim er kunnugt um að stundi atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hér á landi. Er því lagt til að Fyrirtækjaskrá, skattfyrirvöld og Vinnumálastofnun miðli upplýsingum sín á milli eftir því sem við á hverju sinni til að auðvelda þessum stjórnvöldum yfirsýn og eftirlit með erlendum fyrirtækjum sem stunda starfsemi hér á landi. Hins vegar eru ekki lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi hvað varðar skráningu fyrirtækja hér á landi. Tryggja verður að öll fyrirtæki sem eru með starfsemi á Íslandi séu skráð í Fyrirtækjaskrá eða á annan hátt sem samræmist reglum EES-samningsins.⁴

4. Upplýsingagjöf

4.1. Almenn

Starfshópurinn telur brýnt að upplýsingagjöf verði bætt til erlendra ríkisborgara sem koma til að dvelja og starfa hér á landi. Tryggja verður að þeir eigi greiðan aðgang að upplýsingum varðandi réttindi sín og skyldur hér á landi strax við komuna til landsins. Því leggur starfshópurinn til að útgáfu bæklinga á nokkrum tungumálum verði hraðað þar sem fram kæmu upplýsingar til erlendra ríkisborgara en bæklinginn yrði meðal annars hægt að nálgast hjá Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá sýslumönnum og víðar. Slíkir bæklingar hafa verið fánlegir að einhverju marki en útgáfu þeirra og innihald þarf að samræma

³ Með orðinu „fyrirtæki“ er átt við einstaklinga, félög og aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hér á landi.

⁴ Nauðsynlegt er að skoða gildandi löggjöf með það að markmiði að tryggt sé að öll fyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi séu skráð og að fyrirtæki sem starfa hér á grundvelli þjónusturéttar EES-samningsins geti fengið hér kennitölu án þess að þau séu skylduð til að stofna útibú.

og endurskoða að mati starfshópsins. Enn fremur er lagt til að útlendingar annars vegar og atvinnurekendur hins vegar geti nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar sem tengjast dvöl og atvinnu erlendra ríkisborgara hér á landi á vefsíðum fyrrnefndra stjórnvalda sem og á vefsíðunni island.is. Markmiðið með þessu er meðal annars að leitast við að upplýsa útlendingana sjálfa um réttindi þeirra og skyldur hér á landi og gera þeim sjálfum kleift að afla þeirra upplýsinga sem þeir þurfa til að tryggja lögmeða dvöl sína hér á landi.

Þá telur starfshópurinn að fyrirhugað breytt verklag Útlendingastofnunar í tengslum við framlagningu dvalarleyfisumsókna og útgáfu á dvalarleyfiskortum sé til mikilla hagsbóta, bæði fyrir útlendingana sjálfa sem og eftirlit lögreglu.

4.2. Ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins – frjáls för

Að mati starfshópsins þurfa meðal annars eftirfarandi upplýsingar að vera aðgengilegar á vefsíðum viðkomandi stjórnvalda, á vefsíðunni island.is og í upplýsingabæklingi til EES-borgara sem koma til starfa hér á landi:

- Hvar og hvernig sótt er um kennitölu.
- Kostir þess að sækja um EES-dvalarleyfi strax eða fljótlega eftir komuna til landsins.
- Á hvaða tímapunkti verði að vera búíð að sækja um EES-dvalarleyfi (sækja verður um EES-dvalarleyfi ef ætlunin er að dvelja lengur en þrjá mánuði hér á landi, þó er heimilt að dvelja hér á landi í allt að sex mánuði í atvinnuleit án þess að sækja um EES-dvalarleyfi en sækja verður um slíkt leyfi um leið og viðkomandi hefur fengið vinnu hafi hann á þeim tímapunkti dvalið hér lengur en þrjá mánuði).
- Hvað átt er við með lögheimili og þýðing þess að hafa lögheimili (gerð er krafa um lögheimili þegar sótt er um EES-dvalarleyfi).
- Munur á skráningu á utangarðsskrá og Þjóðskrá og hvað gera þarf til þess að vera skráður í Þjóðskrá (viðkomandi fer á Þjóðskrá við veitingu EES-dvalarleyfis).
- Sex mánaða biðtími er inn í sjúkratryggingakerfið hér á landi eftir að viðkomandi hefur verið skráður á Þjóðskrá (þ.e. eftir að EES-dvalarleyfi hefur verið veitt).
- Gildi mismunandi E-pappíra (svo sem E-101 og E-104).
- Upplýsingar um að EES-borgarar þurfi ekki atvinnuleyfi hér á landi (geta ráðið sig til starfa hvar sem er).
- Upplýsingar um skattgreiðslur (lagt er til að skattkort verði tímabundið í þrjá mánuði þangað til EES-dvalarleyfi er veitt og síðan til þess tíma er EES-dvalarleyfið gildir).
- Leiðbeiningar um hvert útlendingar geti snúið sér telji þeir brotið á rétti sínum um launakjör o.fl.

4.3. Ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins

Að mati starfshópsins þurfa meðal annars eftirfarandi upplýsingar að vera aðgengilegar á vefsíðum viðkomandi stjórnvalda, á vefsíðunni island.is og í upplýsingabæklingi ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem koma til starfa hér á landi:

- Hvar og hvernig sótt er um dvalar- og atvinnuleyfi og reglur um framlengingu leyfanna.
- Atvinnuleyfi er skilyrt við tiltekinn atvinnurekanda og afleiðingar þess ef útlendingur starfar hjá öðrum atvinnurekanda en þeim sem atvinnuleyfið er skilyrt við.
- Hvað er átt við með lögheimili og þýðing þess að hafa lögheimili.
- Munur á skráningu á utangarðsskrá og í Þjóðskrá og hvað gera þarf til að vera skráður í Þjóðskrá.
- Sex mánaða biðtími er inn í sjúkratryggingakerfið eftir að viðkomandi hefur verið skráður í Þjóðskrá.
- Upplýsingar um skattgreiðslur (lagt er til að skattkort verði tímabundið í samræmi við gildistíma dvalar- og atvinnuleyfis).
- Leiðbeiningar um hvert útlendingar geti snúið sér telji þeir brotið á rétti sínum um launakjör o.fl.

4.4. Fyrirtæki

Starfshópurinn leggur áherslu á að erlendir aðilar geti á auðveldan hátt nálgast allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þeir geti starfað með lögumætum hætti hafi þeir hug á að hefja atvinnustarfsemi hér á landi, meðal annars um skyldu starfsmannaleigna og annarra þjónustuveitenda til að tilkynna starfsemi sína til Vinnuálastofnunar samkvæmt lögum nr. 139/2005 og lögum nr. 45/2007. Enn fremur leggur starfshópurinn áherslu á að þeir erlendu aðilar sem hefja atvinnustarfsemi hér á landi geti með sama hætti nálgast upplýsingar um réttindi þeirra og skyldur hér á landi. Starfshópurinn leggur til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á vefsíðu Fyrirtækjaskrár, Vinnuálastofnunar, skattýfirvalda og á vefsíðunni island.is.

5. Annað sem starfshópurinn telur rétt að koma á framfæri

5.1. Starfsmannaskírteini

Nokkur umræða fór fram hjá starfshópnum um gildi starfsmannaskírteina á vinnustöðum og hvort ástæða væri til að leggja þá skyldu á atvinnurekendur að útbúa slík skírteini fyrir starfsmenn sína, sérstaklega í byggingariðnaði. Niðurstaða starfshópsins var sú að málið krefðist nánari skoðunar.

5.2. Eftirlit með aðstæðum á vinnumarkaði

Að mati starfshópsins er nauðsynlegt að sá vinnuhópur sem lagt er til að skipaður verði fjalli um starfsaðstæður erlendra ríkisborgara á innlendum vinnumarkaði til að tryggja að þær séu í samræmi við lög og kjarasamninga þegar við á. Lögð er áhersla á að þessi vinna verði unnin í nánú samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

5.3. Aðkoma sveitarfélaga

Starfshópurinn telur rétt að fyrrgreindur vinnuhópur skoði hvort hagkvæmt sé að koma á fót samstarfi við sveitarfélög í því skyni að fá betri yfirsýn og ná betra eftirliti stjórnvalda sem og aðgengi erlendra ríkisborgara að upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur hér á landi.

5.4. Ný lög um breytingu á lögum um lögheimili

Starfshópurinn telur rétt að benda á að lögum nr. 21/1990, um lögheimili, hefur verið breytt með lögum nr. 67/2007. Með lagabreytingunum er gert skýrt að búseta í húsnæði á svæði sem er skipulagt fyrir atvinnustarfsemi er óheimil. Heimilt er þó að leyfa búsetu í starfsmannabústöðum og skrá þar lögheimili starfsmanna enda sé tilskilinna leyfa aflað hjá viðkomandi stjórnvaldi. Með breytingunum er þeim einstaklingum sem búa í slíkum starfsmannabústöðum, þ.m.t. erlendum ríkisborgurum, gert kleift að njóta réttinda sem leiðir af lögheimilisskráningu hér á landi, meðal annars til almannatrygginga.

Reykjavík, 26. apríl 2007

Gissur Pétursson formaður,

Erna Guðmundsdóttir, fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,
Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Halldór Grönvold, fulltrúi Alþýðusambands Íslands,
Halldóra Friðjónsdóttir, fulltrúi Bandalags háskólamanna,
Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins,
Rósa Dögg Flosadóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytis,
Sigurlaug K. Jóhannsdóttir, fulltrúi fjármálaráðuneytis,
Þorbjörn Guðmundsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands.